

296. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 17. nóvember 2022, kl. 16:00.

Mætt: Ingví Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Sunneva Ósk Þoroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Birgitta Káradóttir, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, J. Trausti Jónsson, Stefán B. Ólafsson, Helgi Haraldsson, Eydis Martinsdóttir og Ásmundur E. Þorkelsson. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Kynning á nýrri reglugerð um skráningu atvinnurekstrar og áhrif hennar á störf heilbrigðisnefnda.
2. Starfsleyfi
3. Kynning á þeim umhverfisverkefnum sem nú eru í gangi.
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Kynning á nýrri reglugerð um skráningu atvinnurekstrar og áhrif hennar á störf heilbrigðisnefnda.

Kynnt var reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og þau áhrif sem reglugerðin mun hafa á störf heilbrigðisnefndar.

2. Starfsleyfi

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Anatomy ehf., kt. 590717-0880, Tangasund 5, Grindavík til að reka meðferðaraðstöðu osteopata.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Sveitarfélagið Vogar, kt. 670269-2649, Iðndal 2, Vogum til að reka samkomusal með móttökueldhúsi að Akurgerði 25, Vogum.

3. Kynning á þeim umhverfisverkefnum sem nú eru í gangi.

Kynnt voru umhverfishreinsunarverkefni sem komin eru í farveg hjá embættinu.

4. Önnur mál.

Stöðvum starfsemi. Þann 25. október sl. stöðvaði embættið starfsemi iSqueeze Ísland ehf. í Sandgerði. Nefndin staðfestir hér með aðgerðir Heilbrigðiseftirlitsins.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:30.